

FUNDARBOÐ

Fræðslu- og umræðufundir um úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla á Vesturlandi.

Fundarstaður: Hjálmaklettur í húsnaði Menntaskóla Borgarfjarðar

Fundartímar: Mánudagur 20. mars 2023, kl. 10:00 – 15:00

Mánudagur 15. maí 2023, kl. 10:00 – 15:00

Ágæti viðtakandi

Mennta- og barnamálaráðherra hefur ákveðið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands og Grunn, félag stjórnenda á skólaskrifstofum að efna til fundarraðar í mars til maí 2023 um áframhaldandi vinnu um úthlutun og ráðstöfun fjármuna til grunnskóla. Tilgangur fundanna er að styðja betur við stefnumótun og starfshætti sem stuðla að menntun fyrir alla.

Haldnir verða fundir með sveitarfélögum og grunnskólum í sex landshlutum, þ.e. á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Stefnt er að fundum á Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu haustið 2023.

Tveir fundir verða haldnir á hverjum stað með um tveggja mánaða millibili. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög/skólar vinni ákveðið verkefni milli funda.

Markmið fundanna eru:

- Kynna hugmyndir um úthlutun og ráðstöfun fjármuna
- Kynna sveitarfélögum/skólum gerð sjálfsmats sem undanfara stefnumótunar er kemur að úthlutun og ráðstöfun fjármuna
- Kynna sveitarfélögum/skólum stefnumótun og fjárhagsáætlun tveggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og Reykjanesbæjar
- Fjalla um aðferðir við eftirfylgni, frávíkagreiningu og uppgjör fjárhagsáætlana

Markhópur fundanna eru:

- Framkvæmdastjórar sveitarfélaga
- Fræðslustjórar/skólafulltrúar
- Skólastjórar grunnskóla
- Fjármálastjórar
- Fulltrúar skólaþjónustu
- Aðrir sem sveitarfélagið ákveður

Sveitarfélög sem boðuð eru til fundanna:

Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Sveitarfélagið Stykkishólmur, Dalabyggð.

Fundarboðið er sent á skrifstofu viðkomandi sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru beðin um að boða sitt fólk til fundanna.

Fyrir hönd ráðuneytisins munu Ragnar Þorsteinsson, fyrrum grunnskólastjóri og fræðslustjóri í Reykjavík og Þórður Kristjánsson, fyrrum grunnskólastjóri og starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga skipuleggja og sjá um fundina.

Með von um góða þátttöku og árangursríka fundi.

Fyrir hönd Mennta- og barnamálaráðherra,

Ragnar Þorsteinsson